**9. fundur Íþrótta-, menningar- og æskulýðsnefnd haldinn Strandgötu 38, mánudaginn 27. mars 2023 og hófst hann kl. 14:30.**

**Fundinn sátu:**
Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Kristrún Guðjónsdóttir (KG), Magnús Óskar Hálfdánsson (MÓH) og Eygló Hreiðarsdóttir (EH).

**Fundargerð ritaði:** Eygló Hreiðarsdóttir, skrifstofustjóri

Formaður bauð fundarfólk velkomið og athugaði hvort athugasemdir voru við fundarboðun, svo var ekki og formaður lýsti því fund lögmætan.

**Dagskrá:**

**1. Samkomusalir, gjaldskrá - 2303021**

Mál frá 8. fundi íþrótta-, menningar- og æskulýðsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 07.03.2023.

**Gestir**

Bjarnveig Guðbrandsdóttir - 15:00

*Forstöðumaður Íþróttamiðstöðvar, Bjarnveig Guðbrandsdóttir, kom og gerði grein fyrir umfangi á vinnu á bak við útleigu á sal.Rætt var um breytingu á gjaldskrá. Gjaldskrá verður afgreidd á maí fundi nefndarinnar.*

**2. Sundlaug og íþróttamiðstöð Tálknafjarðar. - 2303115**

Erindi frá Szymon Bednarowicz dags. 15.03.2023 varðandi starfsemi sundlaugar og íþróttamiðstöðvar Tálknafjarðar.

*Nefndin ræddi erindið og þakkar Szymoni fyrir ábendingarnar. Nefndin felur sveitarstjóra að svara bréfinu.*

**3. Mikilvægi þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi - 2303128**

Erindi frá Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSÍ) og Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ) dags. 21.03.2023 varðandi upplýsingar um bækling til foreldra um mikilvægi þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi.

*Lagt fram til kynningar.*

**4. Frístundafulltrúi - 2212664**

Staða mála vegna ráðningar í starf tómstundafulltrúa Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps.
Mál frá 8. fundi íþrótta-, menningar og æskulýðsnefnd Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 07.03.2023.

**Gestir**

Arnheiður Jónsdóttir - 14:30

*Félagsmálastjóri, Arnheiður Jónsdóttir, kom og kynnti stöðu mála vegna ráðningu í starf tómstundafulltrúa Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:15.**

| | |
|---|---|
| Jenný Lára Magnadóttir (JLM) | Kristrún Guðjónsdóttir (KG) |
| Magnús Óskar Hálfdánsson (MÓH) | Eygló Hreiðarsdóttir (EH) |